

# Rannsóknir á seiðastofnum Fljótaár árið 2005

Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason

Skagafirði, des. 2005

VMST-N/0511



**Veiðimálastofnun Norðurlandsdeild**

Sæmundargata 1, 550 Sauðárkrókur. Sími: 455-6360, Bréfsími: 455-6362  
Veffang: [www.veidimal.is](http://www.veidimal.is) Netfang: [nordurlandsdeild@veidimal.is](mailto:nordurlandsdeild@veidimal.is)

## **Inngangur og aðferðir**

Seiðastofnar Fljótaár og vatnasvæðis hennar voru rannsakaðir 3. og 4. ágúst 2005. Tilgangur rannsókna var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika, útbreiðslu, afkomu og vöxt seiða í ánni með rafveiðum. Sambærilegar rannsóknir hafa farið fram í ánni á hverju ári í allmörg ár. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand fiskistofna Fljótaár. Auk hefðbundinna rafveiðistaða var bætt við nokkrum stöðum á vatnasvæði Fljótaár sem hluta af stærri rannsókn á áhrifum brúa- og ræsagerðar á ferðir ferskvatnsfiska og búsvæði þeirra (Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason, VMST-N/0503).

Alls var rafveitt á 18 stöðum á vatnasvæðinu að þessu sinni. Fimm veiðistaðir voru í Fljótaá, þeir sömu og undanfarin ár, tíu staðir í fjórum lækjum sem renna í ána auk þess sem veitt var á tveimur stöðum í Reykjaá og einum í Brúnastaðaá. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 43 – 507 m<sup>2</sup> en minni svæði voru veidd þar sem meira var af seiðum eða að aðstæður í ánum leyfðu ekki stærra svæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Hinir hefðbundnu rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins og er því veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir sem eru einkennandi fyrir einstaka árkafla. Þeir veiðistaðir sem bætt var við vegna rannsóknar á fiskgengd um ræsi, stokka og brýr voru valdir með tilliti til staðsetningar ræsa og brúa og var veitt bæði fyrir ofan og neðan mögulegar hindranir.

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og flest þeirra vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverri stöð þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta seiðavísitölu en ekki heildarfjölda seiða:  $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100\text{m}^2$  (tölur 1-2).

Meðallengd og -þyngd allra laxa- og bleikjuseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverri stöð (tölur 3-8). Ástandsstuðullinn er

reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess:  
 $ástandsstuðull = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100.$

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga seiða á hverri stöð út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum athugunarstað og þéttleika sama árgangs á sömu stöð:  $\text{lífþyngd á } 100\text{m}^2 = \text{meðalþyngd (gr)} * \text{þéttleiki á } 100\text{m}^2$  (tölur 9-10).

## Niðurstöður rafveiða

Efsti rafveiðistaðurinn í Fljótaá er við Bakkavað (mynd 1). Af laxaseiðum veiddust þar einungis vorgömul seiði, ekki varð vart við eldri árganga í rafveiðunum 2005 en árið 2004 fundust einnig eins- til þriggja ára seiði á þessum stað (tafla 1, mynd 2a) (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0410). Þrír árgangar bleikjuseiða veiddust, vorgömul til tveggja ára og reyndust vorgömlu seiðin vera í mestum þéttleika (tafla 2, mynd 3a).

Rafveitt var við efri viðmiðunarstað (mynd 1). Þar veiddust þrír árgangar af laxaseiðum og voru vorgömul og árgömul í töluverðum þéttleika, en talsvert minna fannst af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Á þessum rafveiðistað var þéttleiki eins árs laxaseiða mestur á vatnasvæðinu árið 2005. Vorgömul bleikjuseiði voru í allmiklum þéttleika og vart varð við árgömul seiði (tafla 2, mynd 3a).

Við neðri rafstöðina (mynd 1) reyndust vorgömul laxaseiði vera í nokkrum þéttleika, en minna var af árgömlum og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Þetta er þriðja árið í röð sem vorgömul laxaseiði finnast á þessum rafveiðistað en þeirra varð ekki vart á stöðinni árin tvö þar á undan. Þrír árgangar bleikjuseiða veiddust og voru árgömul seiði í miklu magni og tveggja ára í allmiklu, en þéttleiki vorgamalla seiða var nokkru minni (tafla 2, mynd 3a).

Á rafveiðistað við Bjarnargil (mynd 1) fundust eingöngu vorgömul laxaseiði í veiðunum 2005 og voru þau í litlum þéttleika (tafla 1, mynd 2a). Árið 2004 voru tveggja ára seiði í miklu magni á þessum stað í ánni, en þau hafa væntanlega gengið til sjávar vorið 2005 (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0410). Við Bjarnargil reyndust vorgömul bleikjuseiði vera í nokkrum þéttleika og vart varð við tveggja ára seiði (tafla 2, mynd 3a).

Skammt ofan ósa Fljótaár, þar sem hún rennur í Miklavatn, við brú yfir Þjóðveginn (mynd 1) fundust engin laxaseiði að þessu sinni, en á þessum stað virðist fjöldi seiða vera mjög misjafn eftir árum. Þannig veiddust engin laxaseiði á þessum stað árið 2002, en árið 2003 voru þau í mjög miklu magni og árið 2004 var talsvert af eins- og tveggja ára laxaseiðum (Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0211; Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST-N/0307; Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0410). Þrír árgangar af bleikjuseiðum veiddust þarna 2005 og reyndust eins árs seiði vera í nokkrum þéttleika, en minna var af vorgömlum og tveggja ára seiðum (tafla 2, mynd 3a).

Rafveitt var að þessu sinni ofan og neðan brúar í Straumlæk við Bakkavað (lækur við Bakkavað A skv. skýrslu VMST-0410).

Ofan brúar, (Straumlækur, stöð 1), voru vorgömul laxaseiði í talsverðum þéttleika en ekki varð vart við eldri laxaseiði (tafla 1, mynd 2b). Fjórir árgangar af bleikjuseiðum fundust, vorgömul, eins árs, tveggja- og fjögurra ára, öll í mjög litlu magni (tafla 2, mynd 3b).

Neðan brúar, (Straumlækur, stöð 2), reyndist þéttleiki vorgamalla laxaseiða vera mikill, sá mesti sem fannst á rafveiðistöðunum í veiðunum 2005. Einnig voru þar eins árs seiði í talsverðum þéttleika en engin eldri laxaseiði fundust (tafla 1, mynd 2b). Vorgömul bleikjuseiði voru í talsverðu magni og nokkuð var af árgömlum seiðum (tafla 2, mynd 3b).

Í Hvammslæk var rafveitt á fjórum stöðum: Ofan og neðan stokks á Þjóðvegi 82 við Hvamm og ofan og neðan ræsis á Þjóðvegi 789, við Bakkavað.

Ofan stokks við Hvamm (Hvammslækur, stöð 1) veiddust engin laxaseiði en nokkur tveggja ára bleikjuseiði fundust (tafla 2, mynd 3b).

Neðan stokksins við Hvamm (Hvammslækur, stöð 2) fundust heldur engin laxaseiði, en vorgömul og tveggja ára bleikjuseiði voru þar í miklum þéttleika auk einnar þriggja ára bleikju. Ekki veiddust nein eins árs seiði (tafla 2, mynd 3b).

Veitt var einnig ofan ræsis við Bakkavað (Hvammslækur, stöð 3, eða lækur við Bakkavað B2, skv. skýrslu VMST/N-0410). Ekki varð vart við laxaseiði frekar en á efri stöðunum í læknum en vorgömul bleikjuseiði voru í gífurlegum þéttleika og mikið magn var af tveggja ára seiðum. Einnig varð vart við árgömul bleikjuseiði (tafla 2, mynd 3b). Árið 2004 fundust tvö laxaseiði á þessum stað, eins- og tveggja

ára, auk bleikjuseiða í mjög miklum þéttleika eins og nú (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST/N-0410).

Fjórði rafveiðistaðurinn í Hvammslæk var neðan ræsis við Bakkavað (Hvammslækur, stöð 4, eða lækur við Bakkavað B1, skv. skýrslu VMST/N-0410). Þar fannst eitt vorgamalt laxaseiði og tvö árgömul (tafla 1, mynd 2b). Vorgömul bleikjuseiði reyndust vera í mjög miklum þéttleika og einnig varð vart við eins- og tveggja ára seiði (tafla 2, mynd 3c).

Veitt var í affallslæk vestan megin við Fljótaá nálægt Þverá eins og haustið 2004. Þar fundust eins- og tveggja ára laxaseiði í nokkru magni, en minna af vorgömlum seiðum (tafla 1, mynd 2b). Fjórir árgangar bleikjuseiða veiddust og reyndust vorgömul seiði vera í miklum þéttleika, eins- og tveggja ára í töluverðu magni og vottur var af þriggja ára seiðum (tafla 2, mynd 3c).

Í Brunná var rafveitt á þrem stöðum. Efsti staðurinn (Brunná, stöð 1) var ofan ræsis á þjóðvegi 789. Vorgömul bleikjuseiði voru þar í allmiklum þéttleika auk nokkurra tveggja ára seiða (tafla 2, mynd 3d).

Einnig var veitt neðan ræsis á þjóðvegi 789, (Brunná, stöð 2) þar var þéttleiki tveggja ára bleikjuseiða talsvert mikill, einnig var dálítið af vorgömlum seiðum en auk þess fundust þar líka þriggja- og fjögurra ára bleikjuseiði (tafla 2, mynd 3d).

Neðsti staðurinn í Brunná var neðan stokks á gamla vegi (Brunná, stöð 3). Nokkuð mikið reyndist vera af vorgömlum og tveggja ára bleikjuseiðum, árgömul seiði fundust þar einnig en í litlu magni (tafla 2, mynd 3d).

Í rafveiðunum 2005 var veitt á tveimur stöðum í Reykjaá og var efri staðurinn ofan brúar á gamla veginum (Reykjaá, stöð 1). Engin vorgömul bleikjuseiði fundust en nokkurt magn var af árgömlum seiðum auk þess sem tveggja- og þriggja ára seiði veiddust (tafla 2, mynd 3c).

Neðri rafveiðistaðurinn var neðan við ræsi á þjóðvegi 76 (Reykjaá, stöð 2). Árgömul og tveggja ára bleikjuseiði veiddust í dálitlum þéttleika en engin vorgömul seiði fundust þar frekar en ofar í ánni (tafla 2, mynd 3c)

Rafveitt var neðan brúar á þjóðvegi yfir Brúnastaðaá. Þar reyndust vorgömul bleikjuseiði vera í miklum þéttleika, nokkuð var um árgömul seiði og dálítið fannst af tveggja ára seiðum (tafla 2, mynd 3c).

Seiðin sem veiddust í Fljótaá og hliðarám hennar í rafveiðunum 2005 voru nokkuð minni en seiðin sem veiddust 2004, þá var reyndar veitt mánuði seinna en seiði geta náð að stækka aðeins á slíkum tíma. Ástand þeirra var samt sem áður nokkuð gott (töflur 3 – 9). Þetta á bæði við um laxa- og bleikjuseiðin en stærð seiða var samt nokkuð mismunandi eftir stöðum. Laxaseiðin sem veiddust í Straumlæk virtust vera nokkuð minni en seiði sem veiddust annars staðar í vatnakerfinu (tafla 3) en fjöldi seiða af hverjum árgangi á hverri stöð var þó það lítill að erfitt er að fjölyrða um slíkt. Bleikjuseiðin virðast vaxa einna best í Fljótaá sjálfri en einnig voru þau nokkuð stór í Straumlæk og affallslæknum við Þverá og ástand þeirra var mjög gott (töflur 6 – 9).

Lífþyngd laxaseiða í Fljótaá var mjög lág miðað við síðustu ár og þá sérstaklega vegna þess að tveggja ára seiði voru í svo litlum þéttleika og ekki fundust þriggja ára seiði eða eldri í Fljótaá sem ekki hefur gerst í allmörg ár (töflur 1 og 9; Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST-N/0512). Mest var lífþyngd laxaseiða í affallslæknum við Þverá en næstmest á efri viðmiðunarstaðnum en þetta eru þeir staðir þar sem mest var af stærri seiðum (tafla 1). Lífþyngd er reiknuð út frá þéttleika og þyngd seiða og því veita stærri seiði meira við slíka útreikninga. Lífþyngd vorgamalla laxaseiða var hinsvegar mest á efri viðmiðunarstaðnum og á neðri stöðinni í Straumlæk (tafla 9). Lífþyngd bleikjuseiða var töluverð og var hún mest í affallslæknum, neðst í Hvammslæk og við neðri rafstöðina í Fljótaá (tafla 10). Lífþyngd vorgamalla bleikjuseiða var langmest í affallslæknum og neðst í Hvammslæk. Seiði voru ekki vigtuð á hinum stöðvunum í Hvammslæk en lífþyngd væri líklega mest á stöð 3 í Hvammslæk, ofan ræsisins við Bakkavað, þar sem þéttleiki vorgamalla bleikjuseiða var gífurlegur (töflur 2 og 10).

## **Umræður**

Seiði hafa vaxið vel í Fljótaá undanfarin ár eins og í flestum öðrum ám á Norðurlandi og ganga þess vegna yngri til sjávar en áður. Ganga laxaseiða úr Fljótaá var með mesta móti vorið 2005 og lítið var eftir af eldri árgöngum seiða í Fljótaá í

rafveiðunum í ágúst 2005, engin þriggja ára seiði eða eldri og lítið af tveggja ára seiðum. Tveggja ára seiðin virðast hafa gengið út að hluta og í raun í nokkuð meiri mæli en búist var við, þéttleiki þeirra var þó ekki mjög mikill í Fljótaá sjálfri í rafveiðunum 2004 sem eins árs seiði. Nýliðun er ágæt í efri hluta árinna en lakari neðar, sjaldan veiðast þó vorgömul seiði á neðsta rafveiðistaðnum en einnig var mjög lítið af þeim við Bjarnargil þar sem ekki fundust heldur eins árs seiði.

Ganga laxaseiða úr Fljótaá vorið 2005 var mjög góð eins og áður sagði og þeirra laxa má vænta í ána sumarið 2006 sem smálaxa og 2007 sem stórlaxa og vonandi er að þeir skili sér vel úr sjó. Heimtur laxa úr sjó hafa verið mjög misjafnar síðastliðin ár, á Norðurlandi öllu. Sumarið 2005 var þó með betra móti hvað þetta varðar, þá veiddust í Fljótaá álíka margir laxar og sumarið áður en þá höfðu ekki veiðst fleiri laxar frá árinu 1998 og veiðin bæði árin var töluvert yfir meðallagi árinna 1974-2004 (Guðni Guðbergsson, VMST-R/0511). Þessi tiltölulega mikla laxgengd í ána sumarið 2005 varð þrátt fyrir að ganga seiða til sjávar vorið 2004 (þeir laxar sem komu aftur í ána 2005 sem smálaxar) hafi að öllum líkindum verið minnsta ganga náttúrulegra seiða úr ánni frá árinu 1996 (Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson, VMST-N/0512). Hætt er við að ganga laxaseiða til sjávar verði með lakasta móti vorið 2006 og nokkuð minni en vorið 2004, þar sem töluverður hluti tveggja ára seiðanna fór til sjávar ásamt þeim þriggja ára vorið 2005.

Hliðarlækir Fljótaár fóstu þónokkuð af laxaseiðum og mikið af bleikjuseiðum. Veitt var nú annað árið í röð í affallslæknum við Þverá og reyndist bæði árin vera þar töluvert af laxaseiðum auk þess sem þéttleiki bleikjuseiða var þar mjög mikill. Einnig var mikið af vorgömlum laxaseiðum að finna í Straumlæk við Bakkavað og bendir það glögglega á að sýna verður mikla aðgát við brúun lítilla lækja ekki síður en stórra áa. Hliðarlækir skipta oft mjög miklu máli við uppeldi seiða og ekki síður laxaseiða en bleikjuseiða. Brúin við Straumlæk reyndist ekki vera hindrun fyrir fisk, hvorki fyrir seiði né fullorðinn fisk, samvæmt þeim rannsóknum sem fram fóru á vatnasvæðinu sumarið 2005 og voru hluti af mun stærri úttekt á áhrifum ræsa- og brúagerðar á ferðir ferskvatnsfiska (Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason, VMST-N/0503). Hinsvegar hefur ræsið í Hvammslæk við Bakkavað töluvert áhrif á ferðir fiska, seiði komast þar ekki um með góðu móti og er ræsið illgengt fyrir fullorðinn fisk þó að sjóbleikja virðist komast það

við ákveðnar aðstæður (Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason, VMST-N/0503, Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST/N-0410). Stokkurinn yfir Hvammslæk á Þjóðvegi 82 reyndist ófær bæði seiðum og fullorðnum fiski en eitthvað er af staðbundinni bleikju þar fyrir ofan. Svæðið fyrir ofan neðri hindrunina er nokkuð stórt og gæti fóstorað töluvert af laxa- og sjóbleikjuseiðum. Svipaða sögu er að segja í Brunná þar sem bæði stokkur í gamla vegi og ræsi á Þjóðvegi eru ófær fiski og þar fyrir ofan er aðeins staðbundna bleikju að finna (Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason, VMST-N/0503).

Bleikjustofnar Fljótaár virðast vera á ágætu róli, svipaður þéttleiki fannst á hinum hefðbundnu rafveiðistöðum í ánni 2005 og undanfarin ár og greinilegt er að hliðarlækirnir fóstora mikið af bleikju, bæði seiðum sjóbleikju og staðbundna stofna þar sem sjóbleikjan kemst ekki um. Bleikjustofnar Brúnastaðaár hafa verið að ná sér uppúr töluverðri lægð og langt er síðan þar hefur veiðst eins mikið af seiðum og gerðist í ágúst 2005, þar var að finna mjög mikið af vorgömlum bleikjuseiðum og töluvert af eins- og tveggja ára seiðum. Í Reykjaá veiddust hinsvegar engin vorgömul bleikjuseiði en töluvert var af eldri seiðum. Nýliðun þar hefur verið nokkuð misjöfn milli ára en vorgömul seiði koma ekki alltaf fram í veiðum fyrsta sumarið. Lítið fannst til dæmis af vorgömlum seiðum í rafveiðunum 2004 en þéttleiki sama árgangs í ágúst 2005, eins árs seiða, var samt nokkuð góður.

Þrátt fyrir að lítið hafi fundist af eldri árgöngum laxaseiða í Fljótaá í rafveiðunum 2005 er ástand bæði laxa- og bleikjuseiðastofna árinna og hliðaráa hennar ágætt. Eitthvert gap hefur myndast á milli gönguseiðaárganga, bæði vegna þess að seiðaárgangar síðustu ára hafa verið mjög misstórir og svo þess hve seiði hafa gengið ung til sjávar síðustu árin. Mikið gekk af laxaseiðum til sjávar vorið 2005 og mun meginþorri þeirra skila sér í Fljótaá sumarið 2006 sem smálaxar. Seiðaganga vorsins 2006 verður þó mun minni en heimtur laxa úr sjó hafa verið mjög góðar í Fljótaá síðustu sumur og vonandi að slíkt haldi áfram.



**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Fljótaá í ágúst 2005.

Staður	Stærð svæðis (m <sup>2</sup> )	Aldur				gs
		0+	1+	2+	3+	
Bakkavað	472	2,75				
Efri viðmiðunarstaður	507	6,31	5,13	0,59		
Neðri rafstöð	148	3,38	1,35	0,68		
Við Bjarnargil	325	0,92				
Ós	80					
Straumlækur stöð 1	120	4,17				
Straumlækur stöð 2	51	9,80	3,92			
Hvammslækur stöð 1	104					
Hvammslækur stöð 2	106					
Hvammslækur stöð 3	43					
Hvammslækur stöð 4	95	1,06	2,12			
Þverá - affall	162	1,23	3,70	3,70		
Reykjaá stöð 1	372					
Reykjaá stöð 2	231					
Brúnastaðaá	240					
Brunná stöð 1	150					
Brunná stöð 2	112					
Brunná stöð 3	65					

**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Fljótaá í ágúst 2005.

Staður	Stærð svæðis (m <sup>2</sup> )	Aldur				4+
		0+	1+	2+	3+	
Bakkavað	472	3,60	0,64	1,69		
Efri viðmiðunarstaður	507	5,13	0,39			
Neðri rafstöð	148	2,70	8,78	4,73		
Við Bjarnargil	325	2,77		0,62		
Ós	80	1,25	3,75	1,25		
Straumlækur stöð 1	120	0,83	1,67	0,83		0,83
Straumlækur stöð 2	51	5,88	1,96			
Hvammslækur stöð 1	104			3,85		
Hvammslækur stöð 2	106	12,26		7,55	0,94	
Hvammslækur stöð 3	43	160,84	2,33	13,99		
Hvammslækur stöð 4	95	68,78	1,06	2,12		
Þverá - affall	162	39,51	5,56	6,79	0,62	
Reykjaá stöð 1	372		3,23	0,54	0,27	
Reykjaá stöð 2	231		2,60	1,73		
Brúnastaðaá	240	25,42	4,17	1,67		
Brunná stöð 1	150	10,67		2,00		
Brunná stöð 2	112	1,79		10,71	0,89	0,89
Brunná stöð 3	65	12,31	1,54	7,69		

**Tafla 3:** Meðallengd (cm) og staðalfrávik laxaseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2005 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	3,65	0,24	13									
Efri viðmiðunarstaður	3,65	0,27	32	7,79	0,68	26	11,37	0,21	3			
Neðri rafstöð	3,74	0,13	5	7,55	0,21	2	12,40		1			
Við Bjarnargil	3,90	0,17	3									
Ós												
Straumlækur stöð 1	3,12	0,29	5									
Straumlækur stöð 2	3,10	0,14	5	6,65	0,21	2						
Hvammslækur stöð 1												
Hvammslækur stöð 2												
Hvammslækur stöð 3												
Hvammslækur stöð 4	3,40		1	5,50	0,14	2						
Þverá - affall	4,00	0,14	2	7,20	0,64	6	11,18	0,79	6			
Reykjaá stöð 1												
Reykjaá stöð 2												
Brúnastaðaá												
Brunná stöð 1												
Brunná stöð 2												
Brunná stöð 3												
Samtals	3,59	0,32	66	7,50	0,83	38	11,36	0,71	10			

**Tafla 4:** Meðalþyngd (g) og staðalfrávik laxaseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2005 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	0,54	0,16	13									
Efri viðmiðunarstaður	0,53	0,16	32	6,15	1,72	26	20,80	0,70	3			
Neðri rafstöð	0,58	0,13	5	5,40	0,28	2	24,70		1			
Við Bjarnargil	0,70	0,10	3									
Ós												
Straumlækur stöð 1	0,30	0,12	5									
Straumlækur stöð 2	0,36	0,05	5	3,35	0,07	2						
Hvammslækur stöð 1												
Hvammslækur stöð 2												
Hvammslækur stöð 3												
Hvammslækur stöð 4	0,40		1	1,90	0,00	2						
Þverá - affall	0,75	0,07	2	4,62	1,38	6	16,60	2,89	6			
Reykjaá stöð 1												
Reykjaá stöð 2												
Brúnastaðaá												
Brunná stöð 1												
Brunná stöð 2												
Brunná stöð 3												
Samtals	0,52	0,17	66	5,50	1,90	38	18,67	3,63	10			

**Tafla 5:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Fljótaá haustið 2005 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	1,06	0,15	11									
Efri viðmiðunarstaður	1,07	0,16	30	1,27	0,08	26	1,42	0,10	3			
Neðri rafstöð	1,12	0,26	5	1,25	0,04	2	1,30		1			
Við Bjarnargil	1,18	0,09	3									
Ós												
Straumlækur stöð 1	0,96	0,49	3									
Straumlækur stöð 2	1,23	0,21	3	1,14	0,09	2						
Hvammslækur stöð 1												
Hvammslækur stöð 2												
Hvammslækur stöð 3												
Hvammslækur stöð 4	1,02		1	1,14	0,09	2						
Þverá - affall	1,17	0,01	2	1,21	0,05	6	1,18	0,10	6			
Reykjaá stöð 1												
Reykjaá stöð 2												
Brúnastaðaá												
Brunná stöð 1												
Brunná stöð 2												
Brunná stöð 3												
Samtals	1,09	0,18	66	1,25	0,08	38	1,26	0,14	10			

**Tafla 6:** Meðallengd (cm) og staðalfrávik bleikjuseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2005 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	5,22	0,52	17	7,77	1,17	3	10,51	0,73	8						
Efri viðmiðunarstaður	4,97	0,57	26				10,90		1						
Neðri rafstöð	5,10	0,34	4	8,27	0,50	13	9,97	0,43	7						
Við Bjarnargil	5,56	0,57	9				11,30	0,00	2						
Ós	5,10		1	8,07	0,64	3	9,90		1						
Straumlækur stöð 1	4,60		1	8,40	1,84	2	12,70		1				18,60		1
Straumlækur stöð 2	5,03	0,61	3	7,50		1									
Hvammslækur stöð 1							13,38	1,07	4						
Hvammslækur stöð 2	4,49	0,27	13				11,50	0,88	8	15,40		1			
Hvammslækur stöð 3	4,36	0,48	69	8,10		1	10,33	1,46	6						
Hvammslækur stöð 4	4,34	0,41	65	9,60		1	12,70	2,55	2						
Þverá - affall	4,72	0,41	64	8,82	0,68	9	10,01	0,35	11	12,50		1			
Reykjaá stöð 1				7,48	0,84	12	9,75	0,07	2	13,00		1			
Reykjaá stöð 2				7,60	0,45	6	10,88	1,23	4						
Brúnastaðaá	3,52	0,22	61	7,09	0,56	10	9,95	0,37	4						
Brunná stöð 1	4,11	0,32	16				11,67	1,35	3						
Brunná stöð 2	4,25	0,49	2				12,27	1,21	12	14,70		1	16,50		1
Brunná stöð 3	4,30	0,46	8	9,40		1	10,98	0,73	5						
Samtals	4,40	0,65	359	7,94	0,90	62	11,02	1,34	81	13,90	1,37	4	17,55	1,48	2

**Tafla 7:** Meðalþyngd (g) og staðalfrávik bleikjuseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2005 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	1,48	0,46	17	6,07	3,16	3	12,68	2,41	8						
Efri viðmiðunarstaður	1,24	0,46	26				13,40		1						
Neðri rafstöð	1,33	0,39	4	6,74	1,72	13	11,59	1,90	7						
Við Bjarnargil	1,74	0,56	9				14,60	0,28	2						
Ós	1,20		1	5,40	1,14	3	10,00		1						
Straumlækur stöð 1	0,90		1	6,55	4,31	2	25,20		1				64,30		1
Straumlækur stöð 2	1,17	0,47	3	4,90		1									
Hvammlækur stöð 1*															
Hvammlækur stöð 2*															
Hvammlækur stöð 3*															
Hvammlækur stöð 4	0,81	0,22	22	8,70		1	21,55	11,95	2						
Þverá - affall	1,05	0,28	64	6,77	1,32	9	9,54	1,25	11	20,80		1			
Reykjaá stöð 1				4,34	1,59	11	9,55	0,92	2	23,90		1			
Reykjaá stöð 2				3,87	0,79	6	12,40	4,45	4						
Brúnastaðaá	0,38	0,12	20	3,38	0,76	10	8,65	1,18	4						
Brunná stöð 1*															
Brunná stöð 2*															
Brunná stöð 3*															
Samtals	1,05	0,48	167	5,33	2,06	59	11,90	4,34	43	22,35	2,19	2	64,30		1

\* Bleikjuseiði, sem veiddust á stöð 1, 2 og 3 í Hvammlæk og á öllum stöðvum í Brunná voru ekki vigtuð.

**Tafla 8:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í Fljótaá haustið 2005 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	1,01	0,08	17	1,20	0,16	3	1,08	0,07	8						
Efri viðmiðunarstaður	0,96	0,09	26				1,03		1						
Neðri rafstöð	0,98	0,13	4	1,17	0,11	13	1,16	0,07	7						
Við Bjarnargil	0,98	0,08	9				1,01	0,02	2						
Ós	0,90		1	1,02	0,08	3	1,03		1						
Straumlækur stöð 1	0,92		1	1,01	0,05	2	1,23		1				1,00		1
Straumlækur stöð 2	0,88	0,03	3	1,16		1									
Hvammlækur stöð 1*															
Hvammlækur stöð 2*															
Hvammlækur stöð 3*															
Hvammlækur stöð 4	0,88	0,10	22	0,98		1	1,00	0,02	2						
Þverá - affall	0,98	0,11	64	0,98	0,08	9	0,95	0,05	11	1,06		1			
Reykjaá stöð 1				0,99	0,10	11	1,03	0,12	2	1,09		1			
Reykjaá stöð 2				0,87	0,08	6	0,93	0,05	4						
Brúnastaðaá	0,82	0,15	20	0,94	0,07	10	0,88	0,06	4						
Brunná stöð 1*															
Brunná stöð 2*															
Brunná stöð 3*															
Samtals	0,94	0,12	167	1,02	0,14	59	1,02	0,11	43	1,08	0,02	2	1,00		1

\* Bleikjuseiði, sem veiddust á stöð 1, 2 og 3 í Hvammlæk og á öllum stöðvum í Brunná voru ekki vigtuð.

**Tafla 9:** Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.


	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	gönguseiði	
Bakkavað	1,5					1,5
Efri viðmiðunarstaður	3,4	31,6	12,3			47,2
Neðri rafstöð	2,0	7,3	16,7			25,9
Við Bjarnargil	0,6					0,6
Ós						
Straumlækur stöð 1	1,3					1,3
Straumlækur stöð 2	3,5	13,1				16,7
Hvammslækur stöð 1						
Hvammslækur stöð 2						
Hvammslækur stöð 3						
Hvammslækur stöð 4	0,4	4,0				4,4
Þverá - affall	0,9	17,1	61,5			79,5
Reykjaá stöð 1						
Reykjaá stöð 2						
Brúnastaðaá						
Brunná stöð 1						
Brunná stöð 2						
Brunná stöð 3						

**Tafla 10:** Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.


	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Bakkavað	5,3	3,9	21,5			30,7
Efri viðmiðunarstaður	6,4					6,4
Neðri rafstöð	3,6	59,2	54,8			117,6
Við Bjarnargil	4,8		9,0			13,8
Ós	1,5	20,3	12,5			34,3
Straumlækur stöð 1	0,8	10,9	21,0		53,6	86,3
Straumlækur stöð 2	6,9	9,6				16,5
Hvammslækur stöð 1						*
Hvammslækur stöð 2						*
Hvammslækur stöð 3						*
Hvammslækur stöð 4	55,7	9,2	45,6			110,5
Þverá - affall	41,3	37,6	64,8	12,8		156,5
Reykjaá stöð 1		14,0	5,1	6,4		25,5
Reykjaá stöð 2		10,0	21,5			31,5
Brúnastaðaá	9,5	14,1	14,4			38,0
Brunná stöð 1						*
Brunná stöð 2						*
Brunná stöð 3						*

\* Bleikjuseiði, sem veiddust á stöð 1, 2 og 3 í Hvammslæk og á öllum stöðvum í Brunná voru ekki vigtuð.







Mynd 1. Rafveiðistaðir í Fjórtaá.




**Mynd 2a:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fljótaá haustið 2005.




**Mynd 2b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í hliðarám Fljótaár haustið 2005.




Mynd 3a: Lengdar- og aldersdreifing veiddra bleikjuseiða í Fljótaá haustið 2005.



**Mynd 3b:** Lengdar- og aldersdreifing veiddra bleikjuseiða í hliðarám Fljótaár haustið 2005.



**Mynd 3c:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í hliðarám Fljótaár, Reykjaá og Brúnastaðaá haustið 2005.



**Mynd 3d:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Brunná haustið 2005.